

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2018, miðvikudaginn 6. júní kl. 9:05, var haldinn 232. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Magnús Sveinn Helgason, Stefán Benediktsson, Svafar Helgason, Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Ingvar Jónsson áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Hrefna Þórsdóttir og Marta Grettisdóttir. Starfsfólk skipulagsfulltrúa hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn, eftir atvikum undir liðum 1-18. Starfsfólk á skrifstofu samgöngustjóra, borgarhönnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn undir lið 27. Sérfræðingur á skrifstofu sviðsstjóra, stefnunótun og greining situr fundinn undir liðum 1-27.

Fundarritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 18. og 25. maí 2018 og 1. júní 2018.

2. Kringlureitur, rammaskipulag (01.721) Mál nr. SN180331

Lögð fram tillaga Kanon arkitekta að rammaskipulags Kringlusvæðis dags. 31. maí 2018 unnin á grunni verðlaunatillögu Kanon arkitekta um skipulag svæðisins. Í rammaskipulagstillögunni er sett fram stefnumörkun á grunni Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og áætlun um áfangaskipta þróun og uppbyggingu svæðisins. Einnig er lögð fram greinargerð Kanon arkitekta og VSO ráðgjafar dags. 31. maí 2018.

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Stefán Benediktsson, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Magnús S. Helgason, fulltrúi Pírata Svafar Helgason og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins Herdís Anna Þorvaldsdóttir, samþykkja fyrir sitt leyti tillögu að rammaskipulagi fyrir Kringlureit og fela embætti skipulagsfulltrúa að hefja undirbúning að gerð deiliskipulags fyrir svæðið í samvinnu við hagsmunaaðila. Fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins og bókar: Rammaskipulag Kringlusvæðisins sýnir ótrúlega spennandi uppbyggingu sem er til mikilla bóta fyrir svæðið og borgina alla í anda aðalskipulagsins. Það er miður að ekki takist þó betur að vinna með þær byggingar sem fyrir eru, eins og svokallað Moggahús. Skipulag ætti að miða út frá þeim verðmætum sem þær byggingar sem fyrir eru fela í sér. Það gerir borgina ríkari, ekki síst frá menningarlegum og umhverfislegum sjónarmiðum.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Kannon Helga Bragadóttir, Helgi B. Thóroddsen og Birkir Einarsson, fulltrúi Reita Friðjón Sigurðsson og fulltrúi VSÓ Samúel Torfi Pétursson sitja fundinn undir þessum lið.

3. Nýr Landspítali við Hringbraut, breyting (01.19) Mál nr. SN180418
á skilmálum deiliskipulags

Lögð fram breytingartillaga Nýs Landspítala/SPITAL dags. 5. júní 2018. Í breytingunni felst að leiðrétt er byggingarmagn vegna lagnakjallara neðanjarðar í húsi nr. 21 á lóð Nýs Landspítala við Hringbraut.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.
Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. Kjalarnes, Esjumelar-Varmidalur, (34.2) Mál nr. SN170885
breyting á deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju tillaga Landmótunar að breyttu deiliskipulagi athafnasvæðis Esjumela á Kjalarnesi dags. 1. nóvember 2017 br. 29. maí 2018 ásamt skýringaruppd. og greinargerð dags. 1. nóvember 2017 br. 29. maí 2018. Í breytingartillögu felast m.a. breytingar á lóðarstærðum og afmörkunum, breytingar á samgöngutengingum innan svæðis ásamt auknu plássi fyrir ofanvatnslausnir og settjarnir. Einnig eru skipulagsmörkin stækkuð lítillega, greinargerð yfirfarin og eldri skilmálatöflu skipt út fyrir nýja o.fl. Tillagan var auglýst frá 5. janúar 2018 til og með 16. febrúar 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/umsagnir: Minjavernd hf. f.h. Hafnareyjar ehf. dags. 8. janúar 2018, Lex lögmannsstofa f.h. Ottós Ólafssonar og Þorbjargar Gígja dags. 15. febrúar 2018, umhverfisnefnd Mosfellsbæjar dags. 19. janúar 2018, skipulagsnefnd Mosfellsbæjar dags. 22. janúar 2018, Veidifélag Leirvogsár dags. 12. febrúar 2018 og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 23. febrúar 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2018.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2018.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Vesturlandsvegur, nýtt deiliskipulag Mál nr. SN160742

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs og Vegagerðarinnar um nýtt deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg. Afmörkun fyrirhugaðs deiliskipulags er frá sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ að afleggjaranum inn í Hvalfjörð. Um er að ræða ca. 14 km kafla og helgunarsvæði hans. Markmið framkvæmda og skipulagsins er að vegurinn verði endurbættur til að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð. Stefnt er að 2+1 vegi á stærstum hluta deiliskipulagsins og fækkun tenginga við þjóðveginn með gerð hliðarvega. Með skipulaginu þá næst jafnframt yfirlit yfir tengingar fyrir hliðarvegi, stíga og reiðleiðir auk fleiri umferðaröryggismála sem þarf að útfæra í skipulagi, skv. uppd. Eflu og Landslags dags. 6. mars 2018 br. 31. maí 2018. Einnig er lögð fram greinargerð, skilmálar og umhverfisskýrsla dags. 16. mars 2018 br. 31. maí 2018, fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. í mars 2018. Tillagan var auglýst frá 28. mars 2018 til og með 9. maí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/ábendingar: bókun hverfisráð Kjalarness frá 30. apríl 2018, Sigríður Pétursdóttir form. f.h. hverfisráðs Kjalarness dags. 6. maí 2018, Ásthildur Skjaldardóttir og Birgir Aðalsteinsson dags. 6. maí 2018, Erlendur S. Þorsteinsson dags. 7. maí 2018, Lögmenn Lækjargötu f.h. Hjördísar Gissurardóttur og Geirs Gunnars Geirssonar dags. 9. maí 2018, Samgöngunefnd Landssambands hestamannafélaga og Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna dags. 9. maí 2018, Arni Þór Halldórsson dags. 9. maí 2018. Einnig eru lagðar fram umsagnir frá eftirfarandi: Vegagerðin dags. 17. apríl 2018, Skógræktin dags. 7. maí 2018 og Veitur dags. 9. maí 2018. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2018.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2018.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Kjalarnes, Árvellir, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN180197

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Árvalla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun skipulags Árvalla breytt þannig að þau miða við veghelgunarsvæði vegarins. Einnig breytist aðkoman að svæðinu, samkvæmt uppdrætti Landslags ehf., dags. 6. mars 2018. Tillagan var auglýst frá 28. mars 2018 til og með 9. maí 2018. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Kjalarnes, Grundarhverfi, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN180201

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun skipulags Grundarhverfis færð til vesturs frá Vesturlandsvegi, samkvæmt uppdrætti Landslags ehf. dags. 6. mars 2018. Tillagan var auglýst frá 28. mars 2018 til og með 9. maí 2018. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Kjalarnes, Saltvík, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN180198

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun skipulags Saltvíkur fært í suðvestur fjær Vesturlandsvegi og miðast við veghelgun vegarins. Einnig færast vegtenging við Vesturlandsveg inn á nýjan hliðarveg, samkvæmt uppdrætti Landslags ehf. dags. 6. mars 2018. Tillagan var auglýst frá 28. mars 2018 til og með 9. maí 2018. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Kjalarnes, Skrauthólar, breyting á deiliskipulagi (33.2) Mál nr. SN180199

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Skrauthóla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun skipulags Skrauthólar færð austur fyrir Vesturlandsveg. Einnig er lega reiðleiðar færð austur fyrir Esjuveg og afmörkun græna trefilsins leiðrétt, samkvæmt uppdrætti Landslags ehf. dags. 6. mars 2018. Tillagan var auglýst frá 28. mars 2018 til og með 9. maí 2018. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Kjalarnes, Vallá, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN180200

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Vallá á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun vesturhluta skipulags Vallá færð austar nær býlinu. Einnig er lega aðkomuvegar breytt vegna nýrra afkærna undirgangna undir Vesturlandsveg. Nýr hliðarvegur er áætlaður vestan við Litlu Vallá sem er ný tenging. Lega reiðleiðar er færð austur fyrir Esjuveg, samkvæmt uppdrætti Landslags ehf. dags. 6. mars 2018. Tillagan var auglýst frá 28. mars 2018 til og með 9. maí 2018. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. Kjalarnes, Mógilsá, breyting á (34.2) Mál nr. SN180203
deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Mógilsá Kollafjarðar á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg þá færast mörk lóðar Þ1 norðar á 150 m kafla. Samhliða því minnkar lóðin, heimilt byggingarmagn á reit A er aukið og skilmálum um leyfilega þjónustu breytt, samkv. uppdr. Landmótunar ehf. dags. 16. febrúar 2018 br. 31. maí 2018. Tillaga var auglýst frá 28. mars 2018 til og með 9. maí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Guðbergur Birkisson og Anna Grétarsdóttir dags. 10. apríl 2018. Einnig er lagt fram bréf Minjastofnunar Íslands dags. 9. maí 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa 31. maí 2018.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2018.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. Vogabyggð svæði 5, nýtt deiliskipulag (01.45) Mál nr. SN180390
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Kynnt umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 18. maí 2018 um nýtt deiliskipulag fyrir Vogabyggð svæði 5, samkvæmt uppdr. Jvantspijker og Teiknistofunnar Traðar dags. 29. maí 2018. Markmið skipulagsins er að vinna með samspil þéttar byggðar og opinna svæða, ásamt því að vernda einstök svæði vegna jarðfræði, minja og lífríkis. Um er að ræða nýja lóð fyrir leik- og grunnskóla, nýja brúartengingu milli svæðisins og aðaltorgs Vogabyggðar á svæði 2, smábátahöfn Snarfara er stækkuð og félagssvæðið endurskipulagt. Nánar er vísað til kynningargagna. Einnig er kynnt greinargerð og skilmálar dags. 29. maí 2018.

Fulltrúi Teiknistofunnar Traðar Sigríður Magnúsdóttir kynnti.

13. Elliðaárdalur, breyting á deiliskipulagi (04.2) Mál nr. SN180411

Kynnt tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vogabyggð, svæði 5, þá er afmörkun skipulags Elliðaárdals breytt á þann hátt að mörk skipulagsins eru dregin vestan Geirsnefs í vesturál Elliðaánna, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 31. maí 2018.

Kynnt.

14. Frakkastígur - Skúlagata, breyting á deiliskipulagi (01.15) Mál nr. SN140664

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 16. apríl 2018 þar sem gerð er athugasemd við að deiliskipulagsbreytingin verði birt í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. athugasemdir sem fram koma í bréfi stofnunarinnar. Einnig er lagður fram deiliskipulags- og skýringaruppd. VA arkitekta ehf. dags. 3. október 2017 síðast br. 25. maí 2018. Jafnframt er lagt fram svarbréf skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2018.

Svarbréf skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2018 samþykkt
Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. Hlíðarendi, breyting á deiliskipulagi (01.62) Mál nr. SN180360
491299-2239 Valsmenn hf., Laufásvegi Hlíðarenda, 101 Reykjavík
501193-2409 ALARK arkitekta ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Lögð fram umsókn Kristjáns Ásgeirssonar dags. 9. maí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda. Breytingin felst í breyttu orðalagi og kvöð er varðar landnotkun á lóð A á skipulagssvæðinu. Lóð A verður blönduð íbúða- og atvinnuhúsalóð eftir breytingu í stað hreinnar atvinnuhúsalóðar. Að auki viðbót er varðar heimild fyrir leikskólastarfssemi á reitnum með leiksvæði í inngarði, samkvæmt uppd. ALARK Arkitekta ehf. dags. 1. júní 2018. Einnig er lögð fram greinargerð ALARK arkitekta ehf. dags. 8. maí 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

16. Óðinstorg reitur 1.181.0, breyting á deiliskipulagi (01.18) Mál nr. SN180124

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga Teiknistofu Arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf dags. 21. febrúar 2018 að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.181.0. Tillagan gengur út á skilgreina borgartorg á skilgreindu svæði við Óðinstorg þar sem bílastæði eru í dag og fella niður lóðina 8a við Týsgötu sem verður hluti af nýja torginu. Tillagan var auglýst frá 28. mars 2018 til og með 9. maí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/ábendingu: Bjarni Hákonarson dags. 9. apríl 2018.

Einnig er lagður fram tölvupóstur Catharine Fulton dags. 28. mars 2018 og Stefáníu Ó. Arnardóttur dags. 28. mars 2018 þar sem ekki er gerð athugasemd við tillöguna. Jafnframt er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 25. apríl 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. maí 2018.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. maí 2018
Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

17. Jöklael 4, breyting á deiliskipulagi (04.97) Mál nr. SN180413
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 31. maí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Jöklael 2 og 4 vegna lóðarinnar nr. 4 við Jöklael. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir tvær færarlegar stofur í norðvesturhluta lóðarinnar, samkvæmt uppd. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 31. maí 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

18. Hafnarstrætisreitur 1.118.5, breyting á (01.118.5) Mál nr. SN180310
deiliskipulagi

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Hafnarstrætisreits, reits 1.118.5. Í breytingunni felst að svæði fyrir sorpskýli er stækkað og byggingarreitur fyrir það skilgreindur, samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 16. apríl 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

19. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 974 frá 22. maí 2018, fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 975 frá 29. maí 2018 og fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 976 frá 5. júní 2018.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

20. SORPA bs., fundargerð Mál nr. US130002

Lögð fram fundargerð SORPU bs. nr. 391 frá 23. maí 2018.

21. Skipholt v/Utanríkisráðuneytisins, Mál nr. US180139
bílastæði

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 17. maí 2018 varðandi beiðni Utanríkisráðuneytisins um tvö bifreiðastæði að sunnanverðu við Skipholt næst Rauðarárstíg verði merkt utanríkisráðuneyti kl. 8 ½ 18 virka daga. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

22. Bræðraborgarstígur 5, bílastæði fyrir Mál nr. US180143
hreyfihamlaða

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags, 30. maí 2018 varðandi umsókn um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða við Bræðraborgarstíg 5 sem var samþykkt á fundi P-nefndar í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis þann 28. maí 2018.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

23. Kambsvegur 6, bílastæði fyrir Mál nr. US180144
hreyfihamlaða

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags, 30. maí 2018 varðandi umsókn um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða við Kambsveg 6 sem var samþykkt á fundi P-nefndar í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis þann 28. maí 2018.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

24. Njálsgata 4, bílastæði fyrir hreyfihamlaða Mál nr. US180145

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags, 30. maí 2018 varðandi umsókn um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða við Njálsgötu 4 var samþykkt á fundi P-nefndar í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis þann 28. maí 2018.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

25. Laugavegur 51, bílastæði fyrir hreyfihamlaða Mál nr. US180142

Lagt fram bréf Umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 29. maí 2018 þar sem lagt er til að sett verði bílastæði fyrir hreyfihamlaða við Laugaveg 51.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

26. Seljabraut, Umferðaröryggi göngubverunar við Engjasel Mál nr. US180147

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 2. júní 2018 varðandi umferðaröryggi vegna göngubverunar við Engjasel.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

27. Bæjartorg, Bæjarins bestu Mál nr. US180088

Kynnt er tillaga að hönnunarhlut sem staðsettur skal við Bæjartorg. Hluturinn er í formi stauris með leturverki sem formar orðið Pulsa á annarri hlið og Pylsa á hinni. Með sturnum er ætlað að minna á og lyfta upp vissri menningu sem hefur þrífist á svæðinu í 80 ár.

Kynnt.

(D) Ýmis mál

28. Umhverfis- og skipulagsráð, fundir 2014-2018 Mál nr. US180141

Haldnir voru 163 fundir í umhverfis- og skipulagsráði 2014-2018.

Árið 2014 voru 21 fundir, 41 árið 2015, 43 árið 2016, 41 árið 2017 og 17 árið 2018.

29. Borgartún 24, breyting á deiliskipulagi (01.221.1) Mál nr. SN170457
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 11. apríl 2018 þar sem gerð er athugasemd við að deiliskipulagsbreytingin verði birt í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. athugasemdir sem koma fram í bréfi stofnunarinnar. Einnig er lagður fram uppdráttur Yrki arkitekta ehf. dags. 1. júní 2017 br. 11. maí 2018 og svarbréf skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2018.

Svarbréf skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2018 samþykkt

Vísað til borgarráðs.

Borghildur Sölvey Sturludóttur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

30. Betri Reykjavík, betri ruslatunnur fyrir dósasafnara (USK2018040064) 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US180124
- Lagt fram erindið "betri ruslatunnur fyrir dósasafnara" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. apríl 2018. Erindið var efsta hugmynd aprílmánaðar í málaflokknum umhverfismál. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlands, dags. 15. maí 2018.
- Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlands, dags. 15. maí 2018 samþykkt. .
31. Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir innkaup Mál nr. US130118
- Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í mars 2018.
32. Umhverfis- og skipulagssvið, þriggja mánaða uppgjör Mál nr. US180140
- Lagt fram þriggja mánaða uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs, janúar til mars 2018.
33. Umhverfis- og skipulagssvið, ferðakostnaður Mál nr. US170113
- Lagt fram yfirlit yfir ferðakostnað umhverfis- og skipulagssviðs fyrir tímabilið janúar til mars 2018.
34. Veltusund 3B, kæra 72/2018 (01.140.2) Mál nr. SN180375
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 15. maí 2018 ásamt kæru dags. 14. maí 2018 þar sem kærð er neikvæð afgreiðsla umhverfis- og skipulagsráðs frá 25. apríl 2018 um breytta notkun eftri hæða húss við Veltusund 3B.
- Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.
35. Dugguvogur 8-10, kæra 76/2018 (01.454.0) Mál nr. SN180402
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 25. maí 2018 ásamt kæru dags. 22. maí 2018 þar sem kærð er synjun byggingarfulltrúa frá 27. apríl 2018 á umsókn um byggingarleyfi fyrir áður gerðum íbúðum og vinnustofum í húsi á lóð nr. 10 við Dugguvog.
- Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.
36. Hverfisgata 100B og 102, kæra 63/2018, (01.174.1) Mál nr. SN180382
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 3. maí 2018 ásamt kæru dags. 26. apríl 2018 þar sem kærð er neikvæð afgreiðsla skipulagsfulltrúa dags. 23. mars 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.174.1 vegna lóðanna nr. 100B og 102 við Hverfisgötu sem felst í að heimila rekstur gististaðar í flokki II í fasteignunum. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 17. maí 2018.

37. Dunhagi 18-20, kæra 69/2018, umsögn (01.545.1) Mál nr. SN180350
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 7. maí 2018 ásamt kæru dags. 5. maí 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 20. mars sl. um útgáfu byggingarleyfis fyrir Dunhaga 18-20. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. maí 2018.

38. Dunhagi 18-20, kæra 70/2018, umsögn (01.545.1) Mál nr. SN180351
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 7. maí 2018 ásamt kæru dags. 4. maí 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 20. mars sl. um útgáfu byggingarleyfis fyrir Dunhaga 18-20. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. maí 2018.

39. Dunhagi 18-20, kæra 71/2018, umsögn (01.545.1) Mál nr. SN180359
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 9. maí 2018 ásamt kæru dags. 8. maí 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 20. mars sl. um útgáfu byggingarleyfis fyrir Dunhaga 18-20. Jafnframt er gerð krafa um stöðvun framkvæmda. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. maí 2018.

40. Hlíðarendi 2, Kæra 24/2018, umsögn, (01.629.8) Mál nr. SN180113
bráðabirgðaúrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 19. febrúar 2018 ásamt kæru dags. 16. febrúar 2018 þar sem kærð er ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur, dags. 21. desember 2017, um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Hlíðarenda og að framkvæmdir á grundvelli deiliskipulagsbreytingarinnar verði stöðvaðar meðan málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 21. febrúar 2018 um stöðvun framkvæmda. Jafnframt er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 25. apríl 2018 og bráðabirgðaúrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 24. maí 2018. Úrskurðarorð: Kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða samkvæmt hinni kærðu deiliskipulagsákvörðun er hafnað.

41. Dunhagi 18-20, kæra 30/2018, umsögn, (01.545.1) Mál nr. SN180137
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 28. febrúar 2018 ásamt kæru dags. 26. febrúar 2018 þar sem kært er byggingarleyfi fyrir Dunhaga 18-20. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. mars 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 16. maí 2018. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

42. Dunhagi 18-20, kæra 29/2018, umsögn, (01.545.1) Mál nr. SN180130
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 26. febrúar 2018 ásamt kæru dags. 26. febrúar 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 9. janúar 2018, útgáfa byggingarleyfis til D18 ehf., vegna framkvæmda að Dunhaga 18-20. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. mars 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 16. maí 2018. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

43. Dunhagi 18-20, kæra 31/2018, umsögn, (01.545.1) Mál nr. SN180138
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 28. febrúar 2018 ásamt kæru dags. 25. febrúar 2018 þar sem kært er byggingarleyfi fyrir Dunhaga 18-20. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. mars 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 16. maí 2018. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

44. Þjóðhildarstígur 2-6, kæra 41/2018, (04.112.2) Mál nr. SN180182
umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 12. mars 2018 ásamt kæru dags. 10. mars 2018 þar sem kærð er útgáfa byggingarleyfis vegna viðbyggingar suðaustan megin að Þjóðhildarstíg 2-6. Jafnframt er gerð krafa um stöðvun framkvæmda. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 12. apríl 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 22. maí 2018. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

45. Hraunteigur 3, kæra 61/2018, umsögn, (01.360.2) Mál nr. SN180317
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 26. apríl 2018 ásamt kæru dags. 24. apríl 2018 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. febrúar sl. um að veita byggingaleyfi til að byggja steinsteypt tveggja hæða einbýlishús með sambyggðri bílageymslu á lóð nr. 3 við Hraunteig. Í kæru er einnig gerð krafa um stöðvun framkvæmda. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 26. apríl 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 25. maí 2018. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 10. október 2017 um að samþykkja byggingarleyfi fyrir tveggja hæða einbýlishúsi með sambyggðri bílageymslu á lóð nr. 3 við Hraunteig í Reykjavík.

46. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Mál nr. SN180293
KR-svæði, breyting á aðalskipulagi
Reykjavíkur, breytt landnotkun

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 4. maí 2018 vegna samþykktar borgarráðs dags. 3. maí 2018 á kynningu á verklýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 fyrir Sjómannaskólareit og Veðurstofuhæð.

47. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Mál nr. SN180292
Sjómannaskólareitur og Veðurstofuh.,
breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur,
breytt landnotkun og fjölgun íbúða

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. maí 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á kynningu á verklýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 fyrir Sjómannaskólareit og Veðurstofuhæð.

48. Blikastaðavegur 2-8, breyting á (02.4) Mál nr. SN180312
deiliskipulagi
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 17. maí 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-8 við Blikastaðaveg.

49. Blikastaðavegur 2-8, breyting á (02.4) Mál nr. SN180147
deiliskipulagi
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 24. maí 2018 um samþykki borgarráðs s.d. vegna afturköllunar á erindi og fallið frá auglýsingu vegna breytingu á deiliskipulagi Blikastaðavegs 2-8.

50. Bólstaðarhlíð 47, Háteigsskóli, breyting á (01.271.2) Mál nr. SN180314
deiliskipulagi
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 17. maí 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 47 við Bólstaðarhlíð, Háteigsskóli.

51. Kennaraháskóli Íslands, reitur 1.254, (01.254) Mál nr. SN170874
breyting á deiliskipulagi
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 17. maí 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kennaraháskóla Íslands, reit 1.254.

52. Hallveigarstígur 1, breyting á (01.171.2) Mál nr. SN180289
deiliskipulagi
550513-0560 PARAS ehf., Súlunesi 14, 210 Garðabær

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 17. maí 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2, Laugavegar- og Skólavörðustígsreits, vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg.

53. Bæjarflöt 19, breyting á deiliskipulagi (02.578.4) Mál nr. SN180270
620617-2880 Þvergil ehf., Gissurargötu 5, 113 Reykjavík
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 17. maí 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar suður, vegna lóðarinnar nr. 19 við Bæjarflöt.

54. Gufunes, áfangi 1, deiliskipulag (02.2) Mál nr. SN170476

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 24. maí 2018 um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á skipulagi Gufunessvæðisins.

55. Skólavörðuholt, breyting á deiliskipulagi (01.19) Mál nr. SN160483
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 24. maí 2018 um samþykki borgarráðs s.d. vegna breytingar á deiliskipulagi Skólavörðuholts.

56. Mýrargata 27 og 29, Seljavegur 1A og (24) Mál nr. SN180133
1B, breyting á deiliskipulagi
480915-1510 Arwen Holdings ehf., Seljavegi 2, 101 Reykjavík
530214-0870 Teiknistofan Stórð ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 24. maí 2018 um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðanna nr. 27 og 29 við Mýrargötu og 1A og 1B við Seljaveg.

57. Njarðargata 25 og Urðarstígur 15, (01.186.5) Mál nr. SN170893
breyting á deiliskipulagi
460503-2560 Mondo ehf, Sjafnargötu 5, 101 Reykjavík
560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 24. maí 2018 um samþykki borgarráðs s.d. vegna synjunar á breytingu á deiliskipulagi Nönnugötureits vegna lóðanna nr. 25 við Njarðargötu og 15 við Urðarstíg.

58. Gufunesbær, frístundamiðstöð, breyting á (02.354) Mál nr. SN180339
deiliskipulag
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 24. maí 2018 um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi á útivistarsvæði Gufuness fyrir Gufunesbæ.

**Fleira gerðist ekki.
Fundir slitið kl. 11:56.**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Magnús Sveinn Helgason
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Stefán Benediktsson
Svafar Helgason
Ólafur Kr. Guðmundsson

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2018, þriðjudaginn 22. maí kl. 13:30 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 974. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Sigríður Maack, Jón Hafberg Björnsson, Björgvin Rafn Sigurðarson og Erna Hrönn Geirsdóttir.

Fundarritarar voru Björgvin Rafn Sigurðarson frá 8-28 lið og Erna Hrönn Geirsdóttir frá 29 – 78 lið fundar.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Arnarhlíð 8 (01.629.702) 220840 Mál nr. BN054709
541201-4830 Dalhús ehf., Ögurhvarf 6, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að byggja þriggja til fimm hæða fjölbýlishús með 157 íbúðum og atvinnuhúsnæði á hluta jarðhæðar ásamt tveggja hæða bílgeymslu á lóð nr. 8 við Arnarhlíð.
Stærðir:
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda og málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
2. Bergstaðastræti 33B (01.184.410) 102070 Mál nr. BN052687
670812-0810 Almenna C slhf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta notkunarflokk hús í flokk 4 og fyrir áður gerðum breytingum m.a. viðbyggingu og innra skipulagi rishæðar í húsinu á lóð nr. 33 B við Bergstaðastræti.
Umsögn Minjastofnun Íslands dags. 2. maí 2017 og bréf hönnuðar dags. 3. maí 2017 fylgir erindi.
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. maí 2017 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2017 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. maí 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. maí 2018.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. maí 2018.
3. Bergstaðastræti 45 (01.184.401) 102065 Mál nr. BN053111
591102-2650 Bergstaðastræti 45, húsfélag, Bergstaðastræti 45, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalir á norðurhlið húss á lóð nr. 45 við Bergstaðastræti.
Samþykki meðlóðarhafa fylgir erindinu dags. 15. mars 2018.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. maí 2018 fylgir erindinu.
Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Bergstaðastræti 43, 43A, 45A og Baldursgötu 7 og 7A frá 16. apríl 2018 til og með 14. maí 2018.
Engar athugasemdir bárust.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

4. Blönduhlíð 28-30 (01.713.109) 107242 Mál nr.
BN054327
250778-3689 Sveinn Rúnar Benediktsson, Blönduhlíð 30, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypa hjóla- og bílageymslu ásamt því að steypa 30 cm háan stoðvegg meðfram lóðarmörkum að götu við hús á lóð nr. 30 við Blönduhlíð.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. maí 2018 fylgir erindinu.
Erindi fylgir bréf umsækjanda dags. 5. mars 2018, samþykki lóðarhafa Blönduhlíðar 28 ódagsett og umsögn SRU dags. 22. mars 2018. Svar við grenndarkynningu mótt. 02.05.2018 - Engar athugasemdir eigenda húsa nr.; 13, 17, 26 og 35. Samþykki lóðarhafa nr 35, dags. 17.04.2018.
Stærð: 38,2 ferm., 90,9 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðarmörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
5. Borgartún 8-16A (01.220.107) 199350 Mál nr.
BN054675
531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja upp skjólvegg sem samanstendur af vindbrjótum úr Cortenstáli við byggingu S1 á horni Þórunnartúns og Bríetartúns á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
6. Borgartún 8-16A (01.220.107) 199350 Mál nr.
BN054380
531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta skilgreiningu á íbúðum á 1. - 8. hæð, 38 íbúðir, sem gististað í flokki II, teg. íbúð, í fjölbýlishúsi á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Erindi fylgir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. apríl 2018.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
7. Brekkulækur 1 (01.341.305) 103959 Mál nr.
BN054637
420695-2259 Brekkulækur 1, húsfélag, Brekkulæk 1, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að klæða útveggi með sléttri álklæðningu á loftræsta burðargrind hús á lóð nr. 1 við Brekkulæk.
Samþykki sumra meðeigenda ódagsett og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 26. apríl 2018 fylgja erindi.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
8. Dalhús 2 (02.841.201) 109707 Mál nr.
BN054652
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja vaðlaug norðan megin við kennslulaug í Grafarvogslaug á lóð nr. 2 við Dalhús.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

9. Drápuhlíð 9 (01.702.217) 107061 Mál nr.
BN054108

150972-3619 Elvar Örn Arason, Drápuhlíð 9, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr við fjölbýlishús á lóð nr. 9 við Drápuhlíð.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. maí 2018 fylgir erindinu.

Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Drápuhlíð 7, 8, 10, 11 og 12 og Mávahlíð 8, 10 og 12 frá 17. apríl 2018 til og með 15. maí 2018. Engar athugasemdir bárust.

Stærð: 32,2 ferm., 99,3 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokheldi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

10. Dugguvogur 6 (01.454.001) 105617 Mál nr.
BN054071

620206-0910 BG Fossberg ehf, Dugguvogi 6, 104 Reykjavík

Sótt er um breytingu á notkun úr samkomusal í verslun ásamt breytingum á brunavörnum auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra fyrirkomulagi í húsi á lóð nr. 6 við Dugguvog.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

11. Efstaleiti 11 (01.745.301) 224637 Mál nr.
BN054643

681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur

Sótt er um aðskilið byggingarleyfi fyrir mhl. 03, sjá erindi BN053226, í fjölbýlishúsi, á lóð nr. 11 við Efstaleiti.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis

að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

12. Eldshöfði 10 (04.035.303) 110540 Mál nr.
BN054612

601200-2280 Eignarhaldsfélagið Partur ehf, Eldshöfða 10, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053094/BN051405 sem felst í að innra skipulagi er breytt lítilsháttar í húsi á lóð nr. 10 við Eldshöfða.

Stækkun milliflatar: 0,8 ferm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

13. Elliðabraut 12 (04.772.701) 204831 Mál nr.
BN054578

660505-2100 MótX ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að byggja þrjú fjölbýlishús, fjórar hæðir með 53 íbúðum á bílakjallara fyrir 39 bíla á lóð nr. 12 við Elliðabraut (verðandi nr. 18).

Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Eflu dags. 23.04.2018 og greinargerð um hljóðvist dags. 23.04.2018.

Stærð mhl. 04, A-rými: 2.181,9 ferm., 6.863,6 rúmm.

B-rými: 237,0 ferm., 693,5 rúmm.

Mhl. 05, A-rými: 2.232,2 ferm., 6.982,3 rúmm.

B-rými: 237,0 ferm., 693,5 rúmm.

Mhl. 06, A-rými: 2.181,9 ferm., 6.862,0 rúmm.

B-rými: 237,0 ferm., 693,5 rúmm.

Mhl. 07, bílgeymsla, A-rými: 1.079,5 ferm., 3.314,1 rúmm.

Samtals A-rými: 7.681,1 ferm., 24.040,7 rúmm.

B-rými: 711 ferm., 2.080,5 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

14. Fischersund 3 (01.136.540) 100629 Mál nr.
BN054638
610312-1360 Fischersund 3 ehf., Fischersundi 3, 101 Reykjavík
Sótt er um breytingu á erindi BN051312 sem felst í því að byggja nýjar svalir og breyta gluggum í húsi á lóð nr. 3 við Fischersund.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
15. Fiskislóð 45 (01.087.603) 174393 Mál nr.
BN053962
620908-0610 Húsfélagið Fiskislóð 45, Fiskislóð 45, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðu milliglófi og svölum á norðurgafli og til að bæta brunavarnir í húsi á lóð nr. 45 við Fiskislóð.
Bréf frá hönnuði dags. 9. janúar 2018 fylgir erindinu.
Stækkun milliloft er : 425,3 ferm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar.
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi. Askilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
16. Fossvogsvegur 8 (01.849.201) 225721 Mál nr.
BN054674
681290-2309 Byggingarfélag Gylf/Gunnars hf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða steinsteypt fjölbýlishús með 15 íbúðum á lóð nr. 8 við Fossvogsvæg.
Stærð, A-rými: 2.815,6 ferm., 9.254,9 rúmm.
B-rými: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
17. Framnesvegur 12 (01.133.228) 100257 Mál nr.
BN054432
531210-1900 Fasteignafélagið Hosiló ehf, Smáratorgi 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að skipta úr tveimur íbúðum í þrjár, byggja björgunarsvalir á bakhlíð og til að byggja geymslu fyrir hjól og vagna á bak við hús á lóð nr. 12 við Framnesveg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. maí 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. maí 2018.
Stækkun: 10,1 ferm., 29,3 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. maí 2018.
18. Friggjarbrunnur 42-44 (05.053.201) 205962 Mál nr.
BN054677
450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048498, um er að ræða breytt fyrirkomulag á snyrtingum í íbúðum 0501 og 0502 og geymslur íbúða 0503 og 0504 færðar í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 42-44 við Friggjarbrunn.
Gjald kr. 11.000
Frestað.

Vísað til athugasemda.

19. Garðsendi 3 (01.824.403) 108422 Mál nr.
BN054362
640513-0470 Garðsendi fasteignafélag ehf., Garðsenda 3, 108 Reykjavík
160572-3969 Valdimar Kristinsson, Garðsendi 3, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til suðurs og klæða efstu hæð með málmklæðningu í húsi á lóð nr. 3 við Garðsenda.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. febrúar 2018.
Stækkun: 72,3 ferm., 354,3 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
20. Gefjunarbrunnur 12 (02.695.405) 206031 Mál nr.
BN054437
150779-4059 Páll Mar Magnússon, Hraunbær 68, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053513 þannig að komið er fyrir lagnakjallara með salarhæð 180 cm undir öllu húsinu á lóð nr. 12 við Gefjunarbrunn.
Bréf hönnuðar dags. 20. mars 2018 og 30. apríl 2018 fylgir erindinu.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Lagfæra skráningu.
21. Grandagarður 18 (01.114.202) 100034 Mál nr.
BN054662
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
